

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 22. desember 2011 í máli nr. E-2381/2010:

Steinunn Rósborg Sigurðardóttir

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Arion banka hf.

(Sigurður Guðmundsson hdl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 3. nóvember sl., er höfðað 12. október 2010.

Stefnandi er Steinunn Rósborg Sigurðardóttir, Mýrarkoti 6, Álftanesi.

Stefndi er Arion banki hf., Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði stefnanda skaðabætur, 100.000.000 króna, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. ágúst 2009 til 14. júní 2010, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og að vaxtakröfum stefnanda verði hafnað. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar.

Upphafleg aðalkrafa stefnda var um frávísun málsins. Með úrskurði, uppkveðnum 9. febrúar 2011, var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

I

Stefnandi lýsir atvikum málsins þannig að hún hafi, ásamt eiginmanni sínum, Einari Þór Einarssyni, um árabíl verið í miklum viðskiptum við stefnda, en áður við Kaupping banka hf. Stefnandi og Einar Þór Einarsson hafi selt rekstur á árinu 2004 og hafi bankinn þá tekið til eignastýringar nokkra fjármuni. Til grundvallar samningi um eignastýringu hafi 4. júní 2004 verið gerður samningur um eignastýringarsafn B # 470500. Einar Þór Einarsson hafi einn verið skráður fyrir eignastýringarsamningi þeirra hjóna. Með bréfi Einars Þórs og stefnanda til bankans, dagsettu og móttæknu 20. júlí 2009, hafi þess verið farið á leit við stefnda að nafn stefnanda væri jafnframt skráð að eignasafninu en það hafi verið í hjúskapareign beggja. Beiðnin hafi verið í samræmi við 10. gr. eignastýringarsamningsins. Stefndi hafi ekki orðið við þessari beiðni þrátt fyrir skyldur og skýr ákvæði samningsins. Stefndi hafi borið fyrir sig sumarleyfi starfsmanna sem skýringu á drætti. Samningi um eignastýringu hafi verið sagt upp

með bréfi móttæknu 6. ágúst 2009.

Sýslufulltrúinn í Hafnarfirði og starfsmenn stefnda hafi komið á heimili stefnanda 18. ágúst 2009 gagnert til að kyrrsetja eign Einars Þórs Einarssonar samkvæmt eignasafni B # 470500 til tryggingar fullnustu ætlaðrar kröfu bankans samkvæmt skuldabréfi nr. 327-35-7015, (upphaflega nr. 327-74-6222). Samkvæmt eignastýringaryfirliti stefnda hafi eignir með áunnum vöxtum numið ríflega 99.000.000 króna. Stefndi hafi staðhæft að þessar eignir væru veðsettar að fullu með handveðsgerningi gegn andmælum Einars Þórs og fyrirbyggjandi bréfum til stefnda, dagsettum 20. og 31. júlí 2009, árituðum um móttöku. Ekki hafi sýslumaður orðið við kröfum gerðarþola um að fresta gerð vegna réttinda stefnanda þrátt fyrir ákvæði 14. gr. kyrrsetningalaga nr. 31/1990. Við kyrrsetningu og í eftirfarandi staðfestingarmáli hafi stefndi beint kröfu að Einari Þór Einarssyni en ekki stefnanda. Staðfestingarmál vegna kyrrsetningar hafi verið höfðað með réttarstefnu útgefinni 21. ágúst 2009, sem hafi verið þingfest 9. september 2009. Stefndi hafi í febrúar 2010 reynt að fá gert fjárnám hjá Einari Þór Einarssyni.

Dómur í máli númer E-3425/2009: Arion banki hf. gegn Einari Þór Einarssyni hafi gengið 14. júní 2010. Dómsorð hljóði svo: „Staðfest er kyrrsetning, sem sýslumaðurinn í Hafnarfirði framkvæmdi þann 18. ágúst 2009 í eignastýringarsafni stefnda nr. B # 470500 hjá stefnanda, en þó einvörðungu í helmingi eignastýringarsafnsins. Kröfu stefnanda um að viðurkennt verði með dómi að stefnandi eigi fjárkröfu á hendur stefnda samkvæmt skuldabréfi nr. 327-35-7015, útgefnu þann 15. desember 2006 af stefnda með gjalddaga þann 1. september 2009, að höfuðstól JPY 28.793.898, CHF 305.932 og USD 270.437 auk vaxta og kostnaðar, er hafnað. Kröfu stefnda um miskabætur úr hendi stefnanda að er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.” Í rökstuðningi dómara hafi verið talið að ekki stæðu skilyrði til kyrrsetningar á eignarhluta stefnanda í eignastýringarsafninu. Stefndi hafi ekki áfrýjað dómi E-3425/2009 og reisi stefnandi meðal annars kröfur sínar á því. Stefndi hafi ekki látið mál númer E-3425/2009 til sín taka en áskilið sér rétt til þess að hafa uppi sjálfstæðar skaðabótakröfur vegna kyrrsetningar. Stefndi hafi engar kröfur haft uppi gegn stefnanda í máli númer E-3425/2009.

Stefnandi hafi höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur stefnda með stefnu birtri í nóvember 2009, þar sem krafist hafi verið greiðslu á 49.179.500 krónum sem nemi andvirði á hálfu eignastýringarsafninu. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu númer E-12679/2009 hafi verið kveðinn upp 23. mars 2010 og hljóði dómsorð þannig: „Stefndi, Arion banki hf., greiði stefnanda, Steinunni R. Sigurðardóttur, 49.179.500 kr., með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. ágúst 2009 til greiðsludags og 800.000 kr. í málskostnað.”

Stefndi hafi ekki áfrýjað dóminum en greiddi ekki dómskuldina þrátt fyrir brýn tilmæli. Stefndi hafi gert fjárnám fyrir kröfunni 6. ágúst 2010 og hafi stefndi greitt dóminn 2. september 2010.

Stefndi hafi leitað með aðför eftir fullnustu í hinum kyrrsettu verðmætum með boðun í aðför en hafi verið synjað um framgang með því að ekki hafi legið fyrir frumrit skuldabréfs og með bókaðri ákvörðun sýslumannsfulltrúa í Hafnarfirði 6. ágúst 2010 hafi fjárnámsbeiðni verið vísað frá, sbr. fjárnámsgerð nr. 036-2010-00359. Stefndi hafi ekki leyst fjármuni úr kyrrsetningu eftir að dómur gekk í

Héraðsdómi Reykjavíkur í máli númer E-12679/2009 23. mars 2010. Stefndi hafi haft uppi gegn dómi stefnanda til skuldajafnaðar staðlausar kröfur vegna óréttmætrar auðgunar. Stefndi hafi ekki svarað kröfum stefnanda eftir að dómur hafi gengið í Héraðsdómi Reykjaness 14. júní 2010, þar sem með dómi hafi verið staðfest að kyrrsetning tæki ekki til eignar stefnanda.

Stefndi kveður málsatvikalýsingu stefnanda verulega óljósa og vanreifaða og því verði málsatvik reifuð, eins og þau horfi við stefnda. Nauðsynlegt sé að greina frá samskiptum eiginmanns stefnanda, Einars Þórs Einarssonar, við stefnda, enda séu þau samskipti nátengd ágreiningi stefnanda og stefnda í þessu máli. Þann 15. desember 2006 hafi Einar Þór gefið út skuldabréf númer 6222 til Kaupþings banka hf. (nú í eigu stefnda), upprunalega að höfuðstól 147.000.000 króna. Til tryggingar skilvísunum greiðslum á öllum skuldbindingum Einars Þórs gagnvart Kaupþingi banka hf., þar á meðal kröfu bankans samkvæmt skuldabréfinu, hafi staðið inneign Einars Þórs á innlánsreikningi hans hjá Kaupþingi banka hf. númer 300926, að handveði samkvæmt handveðssamningi dagsettum 5. maí 2006. Þegar lánið hafi verið veitt hafi inneign innlánsreikningsins verið rúmlega 77 milljónir króna, eins og sjá megi af framlögðu yfirliti yfir hreyfingar á innlánsreikningnum um það leyti sem lánið hafi verið veitt. Þann 29. janúar 2008 hafi kröfu skuldabréfsins, að beiðni Einars Þórs, verið myntbreytt, þ.e. breytt úr íslenskum krónum í erlendar myntir. Skuldabréfið hafi þá fengið nýtt númer, númerið 7015.

Þann 13. mars 2009 hafi Einar Þór óskað eftir því að inneign hans á fyrrgreindum innlánsreikningi yrði flutt á eignastýringarsafn hans númer 470500, sem stofnað hafi verið til á grundvelli samnings um eignastýringu. Þessi millifærsla hafi verið samþykkt af viðskiptabankasviði Kaupþings banka hf. en aðilar hafi staðið í þeirri trú að eignastýringarsafnið væri, eins og innlánsreikningur hans númer 300926, handveðsett til tryggingar greiðslum á öllum skuldbindingum Einars Þórs gagnvart stefnda, þar á meðal kröfu bankans samkvæmt skuldabréfi númer 7015. Svo hafi þó ekki reynst vera, enda hafi eignastýringarsafn númer 470500 verið handveðsett bankanum til tryggingar á greiðslu yfirdráttarskuldar, eins og hún væri á hverjum tíma, á tékkareikningi númer 763 samkvæmt handveðssamningi Einars Þórs og bankans dagsettum 15. apríl 2005. Samhengisins vegna sé upplýst að 31. mars og 4. júní 2009 hafi greiðsluskilmálum skuldabréfsins verið breytt.

Með yfirlýsingu, dagsettri 8. júní 2009, hafi stefnandi og Einar Þór hafið aðgerðir sem virðast ekki hafa haft neinn annan tilgang en að skerða möguleika stefnda til að fullnusta kröfu samkvæmt skuldabréfi númer 7015 gagnvart Einari Þór. Þann dag hafi Einar Þór framselt hesthús sitt að Kaplaskeiði 22, Hafnarfirði, til stefnanda. Skömmu síðar, eða 20. júlí 2009, hafi Einar Þór afhent stefnda yfirlýsingu þar sem farið hafi verið fram á það við stefnda að eignarhaldi að eignastýringarsafni hans númer B 470500 yrði breytt þannig að stefnandi yrði skráður eigandi þess ásamt Einari Þór. Með bréfi dagsettu 31. júlí 2009 hafi Einar Þór og stefnandi tilkynnt að þau hafi sagt upp eignastýringarsamningi Einars Þórs við stefnda og að leggja ætti andvirði eignastýringarsafnsins inn á reikning í eigu stefnanda. Ekki hafi orðið af þessari millifærslu. Lögmaður stefnanda og Einars Þórs hafi sent bankastjóra stefnda bréf dagsett 17. ágúst 2009 og ítrekað fyrri fyrirmæli þeirra.

Einar Þór hafi jafnframt tilkynnt starfsmanni stefnda að hann ætlaði sér ekki að greiða að fullu kröfu stefnda samkvæmt skuldabréfi númer 7015. Þann 1. ágúst 2009 hafi skuldabréfið staðið í JPY 29.036.436, CHF 306.518,94 og USD 270.989,83, en umreiknað í íslenskar krónur hafi skuldin numið 109.798.450 krónum. Af því sem fram hafi komið í samskiptum Einars Þórs og stefnda hafi stefndi dregið þá ályktun að þeir fjármunir á eignastýringarsafni númer 470500, sem hafi átt að vera til tryggingar á efndum kröfu stefnda samkvæmt skuldabréfinu, myndu ekki vera til staðar þegar skuldabréfið myndi falla í gjalddaga. Stefndi hafi því með beiðni dagsettri 12. ágúst 2009 krafist kyrrsetningar á fjármunum á eignastýringarsafninu til tryggingar á greiðslu kröfu stefnda samkvæmt skulda bréfinu. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði hafi fallist á kyrrsetningarbeiðnina í máli númer K-13-2009. Réttarstefna hafi verið gefin út í staðfestingarmáli vegna kyrr setningarinnar 21. ágúst 2009, sem þingfest hafi verið 9. september 2009. Dómur Héraðsdóms Reykjaness í málinu hafi fallið 14. júlí 2010 og hafi kyrrsetningin verið staðfest að hluta. Stefnandi hafi hvorki átt aðild að kyrrsetningargerðinni né að eftirfarandi kyrrsetningarmáli, sem stefnanda hefði þó verið heimilt að ganga inn í á grundvelli 40. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Skömmu eftir að sýslumaður hafi kyrrsett fjármuni á eignastýringarsafni Einars Þórs hjá stefnda hafi stefnandi hafið málarekstur gegn stefnda til að fá greitt frá stefnda það sem stefnandi hafi talið vera sinn helming umræddra fjármuna. Stefndi hafi tekið til varna í málinu, enda hafi umrætt fé aldrei verið skráð á nafn stefnanda hjá stefnda og því hafi stefndi talið að stefnandi ætti ekki heimtingu á fénu, eins og stefnandi hafi krafist. Því sé ljóst að ágreiningur hafi verið milli aðila um eignarhald umræddra fjármuna. Héraðsdómur Reykjavíkur hafi vísað málinu frá með úrskurði 3. febrúar 2010, en þeim úrskurði hafi verið skotið til Hæstaréttar sem hafi með dómi uppkveðnum 2. mars 2010 snúið úrskurðinum við og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Dómur hafi fallið í málinu áður en dómur hafi verið uppkveðinn í staðfestingarmáli vegna kyrrsetningar, en með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 23. mars. 2010 hafi stefndi verið dæmdur til að greiða stefnanda 49.179.500 krónur með dráttarvöxtum frá 6. ágúst 2009 til greiðsludags. Stefndi hafi greitt kröfuna 2. september 2010.

Í mars 2011 aflaði stefnandi matsgerðar dómkvaddra matsmanna sem falið var að skoða og meta til fjár ætlað tjón stefnanda vegna ólögætrar kyrrsetningar sem stefndi fékk lagt á inneign stefnanda hjá stefnda með gerð sýslumannsins í Hafnarfirði 18. ágúst 2009. Matsmennirnir, þeir Einar S. Hálfánarson, hrl. og löggiltur endurskoðandi og Birkir Leósson löggiltur endurskoðandi, skiluðu matsgerð sinni í júlí 2011. Töldu matsmenn að hið meinta fjárhagstjón yrði best áætlað með skoðun og virðingu á eftirgreindum þáttum:

1. Missi hagnaðar á tímabilinu frá 18. ágúst 2009 til 2. september 2010 vegna verðhækkunar aflamarks. Í þessu tilviki væri á því byggt að aflaheimildir yrðu endurseldar.
2. Nýtingu aflamarks með veiðum af útgerð Glaðs 13. Í þessu tilviki væri mat á tjóni byggt á tapaðri framlegð útgerð Glaðs 13.
3. Tapi sem stafar af tilneyddri sölu Glaðs 13.

4. Miski og fjártjón svo sem spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum.

Komust matsmennirnir að þeirri niðurstöðu að hagnaður stefnanda af því að endurselja leigukvóta hefði, miðað við forsendur að baki útreikningum matsmanna, getað numið á bilinu 43.770.000-79.350.000 krónum. Miðuðu matsmenn tjón stefnanda við mismun á kaupverði og endursöluverði leigukvóta og við meðaltal hæsta og lægsta verðs á leigukvóta í niðurstöðum sínum, eða endursöluverðið 123.960.000 króna. Að áliti matsmanna telst tjón matsbeiðanda miðað við forsendur matsbeiðanda og að teknu tilliti til alls kostnaðar, bæði útlagðs kostnaðar og eigin kostnaðar, bæði við kaup og sölu leigukvótans nema 60.000.000 króna.

II

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hún og Einar Þór Einarsson hafi gert út um árabíl fiskiskip - Glað ÍS 121. Stefnandi hafi ætlaði að nýta sér uppsafnaða fjármuni til þess að leysa til sín aflaheimildir í þágu þess reksturs. Hafi bankanum verið kunnugt um þetta. Útgerðin hafi haft takmarkaðar aflaheimildir og leigt heimildir á markaði. Stefnanda hafi staðið til boða verulegar heimildir á mjög góðu verði enda staðgreiðsla í boði. Stefnanda hafi verið nauðsynlegt að losa féð til þess að fullnusta í kaupin. Stefnandi hafi farið þess á leit við bankann að hann losaði kyrrsetningu á 50-60 milljónum króna gegn veðtryggingu svo unnt væri að efna kaup um aflaheimildir. Stefnandi hafi fyrir leyst til sín leigukvóta í allmiklum mæli og framselt að því marki að stefnandi hafi ekki sjálfur nýtt og haft af því góða þjénustu. Þetta hafi starfsmönnum stefnda verið kunnugt um enda hafi leigan farið fram fyrir milligöngu bankans. Þrátt fyrir þessa vitneskju hafi stefndi neitað málaleitan stefnanda. Vitneskja starfsmanna bankans sé staðfest í framburði þeirra fyrir dómi.

Stefnandi kveðst setja fram kröfur um skaðabætur á grundvelli ákvæða kyrrsetningarlaga nr. 31/1990 og reisa kröfur á því að kyrrsetning á eign hennar hafi verið ólögmet og valdið stefnanda miklu fjártjóni. Áður en kyrrsetning hafi verið ráðin og framkvæmd var stefnda um það kunnugt að stefnandi væri eigandi þeirra verðmæta að hluta er kyrrsetning beindist að. Stefndi hafi neitað að leysa fjármuni undan kyrrsetningu þrátt fyrir að boðin hafi verið fram veð.

Krafa stefnanda sé um skaðabætur að fjárhæð 100.000.000 króna og sé reist á ákvæðum 42. gr., sbr. 40. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. og meginreglu íslensks skaðabótaréttar. Krafan sé höfð uppi til sjálfstæðs dóms og krafist skaðabóta fyrir fjártjóni sem hin ólögmeta kyrrsetning hafi valdið stefnanda.

1. Bætur fyrir tjón vegna tapaðs ávinnings

við leigu og sölu á aflaheimildum 60.000.000 króna.

2. Bætur fyrir tjón í útgerð vegna tapaðra

viðskiptahagsmuna og spjalla á lánstrausti 30.000.000 króna

Miskabætur 10.000.000 króna

Hvað lagarök varðar vísar stefnandi um réttarfar til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um dráttarvexti styðst við 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um málskostnað er reist á ákvæðum laga nr. 91/1991 og krafa um virðisaukaskatt er reist á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Grundvöllur skaðabóta og aðild stefnanda er reist á ákvæðum 42. gr., sbr. 40. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Enn fremur á meginreglum íslensks skaðabótaréttar.

III

Stefndi kveðst byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskortu stefnanda, enda virðist af gögnum málsins að stefnandi sé ekki sá sem geti krafist umræddra hagsmuna. Ekki verði ráðið af gögnum málsins hver eigi þau réttindi sem krafist sé í málinu. Af lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða leiði að aflaheimild verði aðeins framseld frá einu skipi yfir á annað skip. Fram sé tekið í málsatvikalýsingu í stefnu að stefnandi og Einar Þór Einarsson hafi um árabil gert út fiskiskipið Glað ÍS 121. Þá komi fram í greinargerð Einars Þórs í máli nr. E- 3425/2009 að stefndi og Einar Þór hafi gert skipið út og að þau hafi bæði gert ráðstafanir til leigu á aflaheimildum. Þá segi Einar Þór í aðilaskýrslu í sama máli að hann hafi rekið bátinn sjálfur. Vísar stefndi til þess að ekki sé ljóst hvort stefnandi eða Einar Þór hafi átt skipið eða hvort þau bæði hafi átt það og þá ekki hver hafi ætlað að taka þátt í meintum viðskiptum með aflaheimildir og geti þar af leiðandi gert skaðabótakröfu vegna þess tjóns sem stefnandi fullyrði að hafi hlotist af því að af umræddum viðskiptum hafi ekki orðið. Því eigi að sýkna stefnda af kröfum stefnanda samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi kveðst í öðru lagi byggja á því að stefnandi hafi þegar fengið dæmdar skaðabætur úr hendi stefnanda vegna greiðsludráttar stefnda, sbr. dóm í máli nr. E-12679/2009 og geti því ekki krafist frekari skaðabóta úr hendi stefnda en henni hafi verið dæmdar. Hafi stefndi greitt kröfu stefnanda 2. september 2010 með dráttarvöxtum frá 6. ágúst 2009 til greiðsludags, 9.075.313 krónur. Stefndi byggi auk þess á því að það hvíli á stefnanda að sýna fram á að hún eigi heimtingu að fá frekari skaðabætur en hún hafi fengið dæmdar með dómi í máli nr. E-12679/2009.

Stefnandi virðist byggja mál sitt um greiðslu skaðabóta annars vegar á grundvelli 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. en hins vegar á grundvelli sakarreglunnar (vegna tjóns utan samninga). Stefndi byggi sýknukröfu sína í þriðja lagi á því að stefnandi geti ekki byggt skaðabótakröfu sína á grundvelli 42. gr. laga nr. 31/1990 þar sem sú lagagrein heimili aðeins skaðabótakröfur þegar kyrrsetning hafi fallið niður og auk þess að kyrrsetningin hafi fallið niður „vegna sýknu þeirrar kröfu, sem gerðinni var ætlað að tryggja,“ eins og segi í 1. mgr. 42. gr. laganna. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-3425/2009 hafi verið hafnað að verða við viðurkenningarkröfu bankans í því máli en kyrrsetningargerð sýslumanns hafi að hluta til verið staðfest. Einar Þór hafi því hvorki verið sýknaður af kröfu bankans í því máli né að kyrrsetningargerðin hafi alfarið verið felld niður, en hvort tveggja sé áskilið samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990. Stefndi byggi

auk þess á því að kyrrsetningin hafi ekki verið felld niður að hluta vegna þess að hún hafi verið ólögmat. Til þess sé einnig að líta að í forsendum dóms í máli nr. 3425/2009 komi fram að dómurinn telji sig ekki hafa annan kost en að hafna viðurkenningarkröfu bankans í málinu á grundvelli réttarfarsástæðna. Hér verði einnig að horfa til þess að stefndi hafi áfrýjað niðurstöðu dóms í máli nr. E-3425/2009 til Hæstaréttar og krefjist stefndi þess meðal annars að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og kyrrsetningargerð sýslumanns verði staðfest.

Auk alls þessa komi ekki fram í stefnu hvenær meint viðskipti stefnanda með aflaheimildir hafi átt að hafa fara fram eða henni hafi annars orðið ljóst að hún hafi orðið fyrir því tjóni, sem hún krefjist bóta fyrir í þessu máli. Kyrrsetningin hafi hafist með kyrrsetningargerð sýslumannsins í Hafnarfirði 18. ágúst 2009 og 2. september 2010 hafi stefndi greitt stefnanda umrætt fé. Það blasi því við að hin meintu viðskipti með aflaheimildir hafi þurft að eiga sér stað á því tímabili, þ.e. frá því kyrrsetningin hófst og þangað til stefnanda hafi verið greitt féð, svo stefnandi geti byggt rétt sinn gagnvart stefnda á 42. gr. laga nr. 31/1990. Málsatvikalýsing í stefnu sé óljós um þetta mikilvæga atriði. Af því sem fram sé komið að framan séu að mati stefnda ekki skilyrði til beitingar 42. gr. laga nr. 31/1990 og því eigi sú lagagrein ekki að koma til álita í málinu. Fallist dómurinn ekki á það kveðst stefndi visa til þeirra röksemda sem fram komi að framan og einnig til rökstuðnings fyrir þrautavarakröfu sinni um verulega lækkun skaðabótakröfu stefnanda og höfnun vaxtakrafna hennar, enda eigi sömu sjónarmið við varðandi beitingu sakarreglunnar og þeirrar skaðabótareglu sem fram komi í 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Stefndi kveðst í fjórða lagi byggja sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi ekki sannað eða gert líklegt að þau viðskipti með aflaheimildir, sem lýst sé í stefnu, hafi komist á eða að stefnandi hafi á annað borð ætlað að taka þátt í viðskiptum með aflaheimildir sem stefndi hafi á einhvern hátt komið í veg fyrir. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn sem sanni að viðskipti stefnanda með aflaheimildir hafi átt að eiga sér stað. Í þokkabót sé veigamikild ósamræmi í málalíbúnaði stefnanda og vikið hafi verið að. Stefnandi byggir auk þess á því að ákvæði laga nr. 106/2006 um stjórn fiskveiða komi í veg fyrir að þau viðskipti með aflaheimildir, sem stefnandi haldi fram að hafi átt að eiga sér stað, hafi geta átt sér stað. Um það sé vísað til ákvæða laganna sem takmarki framsal aflaheimilda. Því hafi stefnandi aldrei geta fullnustað meint kaup hennar á aflaheimildum. Stefnandi byggir einnig á því að þar sem stefnandi hafi ekki óskað eftir því skriflega við stefnda að fá fjármuni af eignastýringarsafni Einars Þórs afhenta, heldur aðeins í samtölum við starfsmenn stefnda, verði stefnandi að bera hallann af sönnun um það hvers efnis ósk hennar hafi verið. Stefnandi vekir athygli á því að þó stefnandi fullyrði í stefnu að hún hafi komist að samkomulagi um kaup eða leigu á aflaheimildum, sem hún hafi svo ekki getað greitt fyrir, virðist gagnaðili hennar í þeim viðskiptum ekki hafa beitt hana neinum vanefndaúrræðum, sem megi heita undarlegt miðað við fjárhæð þeirra viðskipta sem stefnandi segi að hafi komist á.

Þá kveðst stefndi í fimmta lagi byggja sýknukröfu sína á því að hvorki sé ólögmatrí né saknæmri háttsemi fyrir að fara hjá stefnda, þ.e. ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn stefnda hafi valdið tjóni stefnanda af ásetningi eða gáleysi. Stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að svo hafi verið, en þá sönnunarbyrði hafi hún einfaldlega ekki axlað. Þegar stefndi hafi óskað eftir því við sýslumann 18. ágúst 2009 að hann kyrrsetti fé til tryggingar greiðslu skuldabréfs númer 7015 hafi

skuld samkvæmt skuldabréfinu, umreiknað í íslenskar krónur, verið 109.798.450 krónur. Stefndi telji ljóst af lýsingu málsatvika að framan að þegar stefndi hafi ósk að eftir kyrrsetningunni hafi stefndi réttmætan grun um að stefnandi og Einar Þór væru að skjóta undan eignum Einars Þórs, að því er virðist í þeim eina tilgangi að fullnusta skuldabréfs númer 7015 yrði örðugri fyrir stefnda. Því hafi honum verið heimilt, og í raun nauðugur einn sá kostur, að vernda þá hagsmuni sína með kyrrsetningunni. Þessu til stuðnings vísi stefndi til ákvörðunar sýslumanns um að fallast á umbeðna kyrrsetningu og til forsendna dóms í máli númer E-3425/2009, en af dóminum megi ráða að hann fallist á fullyrðingar bankans um að möguleikar hans á að fullnusta umrædda kröfu hafi takmarkast verulega ef kyrrsetningarinnar nyti ekki við.

Hér verði einnig að horfa til þess að stefnandi og stefndi hafi átt í réttarágreiningu um það hvort stefnandi ætti heimtingu á helmingi þess fjár sem hafi verið á eignastýringarsafni Einars Þórs hjá stefnda. Stefndi hafi aldrei verið grandsamur um það að stefnandi hafi átt þá fjármuni sem voru á eigna stýringarsafninu. Þeim réttarágreiningu hafi lokið með greiðslu stefnda til stefnanda 2. september 2010. Réttarágreiningur aðila hafi bæði verið umfangsmikill og flókinn, en meðferð hvors máls fyrir dómstólum sé lýst að framan. Stefndi byggji á því að það hafi ekkert bent til þess að stefnandi ætti skýlausan rétt til helmings fjárins sem hafi verið á eignastýringarsafni Einar Þórs hjá stefnda númer 470500 og því sé ekki hægt að segja að niðurstaða réttarágreiningar aðila um þetta atriði hafi verið fyrirsjáanleg. Um þetta atriði hafi verið ágreiningur og hann hafi verið leystur fyrir dómstólum. Stefndi byggji jafnframt á því að þær tryggingar sem stefnandi segist hafa boðið stefnda í stað fjárins, hafi ekki verið fullnægjandi, hvorki að eðli né fjárhæð. Stefndi hafi því verið í fullum rétti að hafna málaleitunum stefnanda um að afhenda henni féð meðan leyst væri úr ágreiningu aðila fyrir dómstólum.

Stefndi kveðst jafnframt byggja á því að umrædd kyrrsetning sýslumanns á fjármunum á eignastýringarsafni Einars Þórs hafi verið lögmæt, a.m.k. hafi Héraðsdómur Reykjaness í máli nr. E-3425/2009 ekki fellt kyrrsetningargerðina að hluta til úr gildi vegna þess að hún hafi verið ólögmæt. Auk þessa hafi Einar Þór áfrýjað og stefndi gagnáfrýjað niðurstöðu héraðsdóms í málinu til Hæstaréttar og því sé ekki hægt að fullyrða að kyrrsetning hafi verið ólögmæt. Stefndi byggji jafnframt á því að hann hafi gætt meðalhófs við kyrrsetninguna, enda hafi aðgerðir stefnda til að vernda hagsmuni sína ekki gengið lengra en efni hafi staðið til. Sé vísað til þess að skuldin hafi á þessum tíma verið 109.798.450 krónur og þeirrar yfirlýsingar sem Einar Þór hafi gefið starfsmanni stefnda um að hann ætlaði sér ekki að greiða skuldina að fullu og þeirra aðgerða sem Einar Þór og stefnandi hafi gripið til gegn stefnda og lýst hafi verið. Stefndi telji með hliðsjón af öllu framansögðu ekkert komið fram sem gefi til kynna að hann hafi valdið stefnanda tjóni með saknæmri eða ólögmætri háttsemi. Þvert á móti telji stefndi að háttsemi stefnanda og Einars Þórs hafi miðað að því að valda stefnda tjóni. Því beri þegar og af þeim sökum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Stefndi kveðst í sjötta lagi byggja sýknukröfu sína á því að orsakatengsl séu ekki á milli meints tjóns stefnanda og þeirra athafna/athafnaleysis starfsmanna stefnda, sem stefnandi telji að hafi valdið sér tjóni. Stefnandi telji meint tjón sitt nema 100.000.000 króna og að stefndi hafi valdið því tjóni með ólögmætri kyrrsetningu og/eða eftirfarandi höfnun starfsmanna stefnda að greiða stefnanda fé sem hafi verið á eignastýringarsafni Einars Þórs númer 470500 hjá stefnda. Stefndi

telji að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að meint tjón hans megi rekja til athafna/athafnaleysis starfsmanna stefnda, enda sé mjög ólíklegt að kyrrsetning á 49.179.500 krónum hafi verið það íþyngjandi að hún hafi valdið stefnanda tjóni sem nemi ríflega tvöfaldri þeirri upphæð. Stefndi byggir a.m.k. á því að ekki séu orsakatengsl milli athafna/athafnaleysis starfsmanna stefnda og alls tjóns stefnanda. Varðandi það vísi stefndi meðal annars til þess að í greinargerð Einars Þórs í mál nr. E-3425/2009, komi fram að stefnandi og Einar Þór hafi gert ráðstafanir til að leigja aflaheimildir að fjárhæð 60.000.000 króna. Þessi sama fjárhæð komi fram í skýrslutöku yfir Einari Þór í málinu. Fjárhæð þeirra viðskipta, sem vísað sé til í stefnu, komi ekki fram þar, en stefndi leyfi sér varðandi þetta að álykta að fyrrgreind fjárhæð úr máli nr. E-3425/2009 sé fjárhæð þeirra viðskipta sem lýst sé í stefnu. Samt sem áður byggir stefnandi málátilbúnað sinn á því að hann hafi orðið af umræddum viðskiptum þar sem hann hafi ekki fengið greitt fé frá stefnda sem hafi numið 49.179.500 krónum, sem hafi verið stefnufjárhæð stefnanda í máli nr. 12679/2009. Stefndi byggir á að hann geti ekki verið gerður ábyrgur fyrir tjóni stefnanda þegar ljóst sé að stefnandi hafi ekki getað fullnustað kaupin nema að hluta með þeim fjármunum sem hann telji stefnda halda með óréttmætum hætti. Þá byggir krafa stefnanda á tjóni vegna tapaðs ávinnings af sölu og leigu á aflaheimildum, spjalla á lánstrausti og viðskiptahagsmunum. Stefndi ítreki áður framkomin sjónarmið sín og vísar til þess að tjón stefnanda sé afleitt tjón, þ.e. tjón sem leiði af frumverknaðinum, sem stefndi eigi ekki að bera ábyrgð á.

Í sjöunda lagi kveðst stefndi byggja sýknukröfu sína á því að meint tjón stefnanda sé ekki sennileg afleiðing af háttsemi stefnda. Í máli þessu liggja fyrir að stefndi hafi krafist kyrrsetningar á eignastýringarsafni eiginmanns stefnanda til að tryggja augljósa og lögvarða hagsmuni stefnda, sem hafi verið ógnað af aðgerðum stefnanda og eiginmanns hennar. Að mati stefnda sé skaðabótakrafa stefnanda fjarstæðukennd og meint tjón hennar ekki í neinu samræmi við háttsemi stefnda. Það sé ósannað að stefndi hafi vitað eða séð fyrir að kyrrsetningargerðin kynni að valda stefnanda tjóni og hvað þá tjóni af þeirri stærðargráðu sem stefnandi fullyrði um tjón sitt, þ.e. ríflegra tvöfaldri þeirri fjárhæð sem stefnandi telji stefnda hafa fengið kyrrsetta með ólögumætum hætti. Stefndi telji raunar að saga stefnanda um þessi umræddu viðskipti sé fjarstæðukennd, þ.e. að hún hefði geta tekist á hendur viðskipti sem hefðu gefið af sér ávöxtum sem nemi 60.000.000 króna, en miðað við að hún hefði fjárfest fyrir þá fjármuni sem hún telji stefnda hafa fengið kyrrsetta með ólögumætum hætti (49.179.500 kr.), þá sé um ríflega 100% ávöxtun að ræða fyrir þessi tilteknu viðskipti. Stefndi telji að öllu framansögðu að skilyrðinu um sennilega afleiðingu sé ekki fullnægt og því eigi að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Aðalkröfu sína um sýknu byggir stefndi í áttunda lagi á almennum meginreglum skaðabótaréttarins um sönnun tjóns. Stefndi beri alfarið sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi og jafnframt fyrir fjárhæð hins meinta tjóns. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi ekki sannað eða gert líklegt að hún hafi orðið tjóni. Stefndi telji að stefnandi hafi ekki lagt fram nein sönnunargögn sem sanni fjárhæð hins meinta fjártjóns hennar eða geri líklegt að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna hinnar meintu saknæmu háttsemi stefnda. Að mati stefnda standi öll rök til þess að slík gögn eigi að liggja fyrir, hafi á annað borð verið um raunveruleg viðskipti að ræða, enda um viðskipti að ræða sem nemi 60.000.000 króna, sé tekið mið af fjárhæð í greinargerð Einars Þórs og aðilaskýrslu hans í máli nr. E-3425/2009. Stefndi kveðst byggja á því að þar sem stefnanda hafi

ekki tekist að sanna tjón sitt eða gera líklegt að hún hafi orðið fyrir tjóni af völdum stefnda, beri að sýkna stefnda.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 100.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Stefndi kveðst mótmæla þeirri kröfugerð stefnanda alfarið, þ.e. að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, eða að hún hafi gert líklegt að hún hafi orðið fyrir tjóni, og einnig fjárhæð kröfunnar. Í þessu sambandi bendi stefndi á þá einkennilegu staðreynd sem fram komi í greinargerð Einars Þórs í staðfestingarmáli vegna kyrrsetningar. Þar sé ætluðum kaupum stefnanda og Einars Þórs á aflaheimildum lýst að fjárhæð 60.000.000 króna og sagt að athafnir stefnda hafi leitt til þess að Einar Þór hafi orðið fyrir „verulegu fjártjóni, miska og verulegum spjöllum á lánstrausti og viðskiptahagsmunum,“ sem séu sömu atriði og krafist sé bóta vegna í stefnu í þessu máli. Í því máli hafi verið krafist bóta að fjárhæð 30.000.000 króna. Aftur á móti sé í þessu máli krafist skaðabóta sem nemi rúmlegra þrefaldri þeirri fjárhæð eða 100.000.000 króna. Þessi munur á milli þessara tveggja skaðabótakrafna sé algjörlega óútskýrður af hálfu stefnanda og geri málatilbúnað stefnanda verulega ótrú verðugan að mati stefnda. Þess megi geta að skaðabótakröfu Einars Þórs hafi verið vísað frá með dómi í máli nr. E-3425/2009.

Skipta megi kröfu stefnanda í þrjá liði. Undir fyrsta kröfulið í stefnu krefjist stefnandi 60.000.000 króna vegna „tapaðs ávinnings við leigu og sölu á aflaheimildum.“ Stefndi kveðst hafna þessum kröfulið. Þá fái stefndi ekki séð hvernig stefnandi hafi tapað ávinningi og orðið fyrir tjóni af því að leigja og selja aflaheimildir þegar fyrir hafi legið samkvæmt stefnu málsins að stefnandi hafi ætlað að leysa til sín aflaheimildir í þágu reksturs skipsins Glaðs ÍS 121. Einnig byggji stefndi á því að hann geti ekki verið gerður ábyrgur fyrir tjóni sem stefnandi haldi fram að hafi orðið á rekstri þeirra, þar sem svo virðist af aðilaskýrslu yfir Einari Þór í máli nr. E-3425/2009, að skipið Glaður ÍS 121 hafi verið rekið án varanlega aflaheimilda og því hafi rekstur skipsins verið háður því að stefnandi hafi getað á hverjum tíma keypt aflaheimildir vegna skipsins. Hér hafi stefnandi tekið áhættu í rekstri skipsins, sem hún verði sjálf að bera. Með hliðsjón af framansögðu telji stefndi því að sýkna beri stefnda af þessum kröfulið stefnanda.

Í öðrum kröfulið sé krafist 30.000.000 króna fyrir tjón í útgerð vegna „tapaðra viðskiptahagsmuna og spjalla á lánstrausti.“ Stefndi hafni þessum kröfulið. Stefndi telji stefnanda ekki hafa fært neinar sönnur fyrir þessum kröfulið og hann sé með öllu órökstuddur og ósannaður. Stefndi mótmæli einnig fjárhæð þessa kröfuliðs. Þá sé aðkoma stefnanda að þessum kröfulið einnig óljós, enda ekki ljóst hvort um hennar eigin hagsmuni sé að ræða eða hagsmuni í eigu annarra aðila. Af framangreindu leiði að stefndi eigi að vera sýknaður af þessum kröfulið. Í þriðja kröfulið krefjist stefnandi 10.000.000 króna í miskabætur. Þessum kröfulið hafni stefndi, enda afar óljóst á hvaða grundvelli þessi kröfuliður sé byggður. Stefndi hafi ekki vísað til viðeigandi lagareglu sem kveði á um heimild dómstóla til að dæma henni bætur fyrir ófjárhagslegt tjón og, jafnvel þó svo væri, telji stefndi ekkert hafa komið fram í málatilbúnaði stefnanda sem sanni eða geri líklegt að hún hafi orðið fyrir ófjárhagslegu tjóni. Þá skarist þessi kröfuliður við annan kröfulið, en stefnandi rökstyðji ekki í stefnu hver sé munur þessara tveggja kröfuliða. Þá mótmæli stefndi einnig fjárhæð kröfunnar, enda hafi það ekki tíðkast í íslenskri dómaframkvæmd að dæma svo háar miskabætur. Stefndi telji því að sýkna eigi af þessum kröfulið. Stefndi vilji taka skýrt fram að hann telji að stefnandi hafi ekki einungis mistekist

að sanna tjón sitt, heldur einnig að sýna fram á að líkindi standi til þess að hún hafi orðið fyrir nokkru tjóni. Stefndi telji því að ekki sé nein ástæða til að dæma stefnanda skaðabætur eftir álitum úr hendi stefnda, annaðhvort á grundvelli lokamálsliðar 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990 eða annarra réttarheimilda.

Þá kveðst stefndi í níunda lagi byggja á því að háttsemi stefnanda sjálfs eigi að leiða til þess að tildæmdar skaðabætur verði felldar niður. Það hafi því verið aðgerðir stefnanda og Einars Þórs, sem lýst sé að framan, sem hafi leitt til beiðni stefnda um kyrrsetningu á fjármunum á eignastýringarsafni Einars Þórs. Þessu til stuðnings kveðst stefndi vísa til ákvörðunar sýslumanns um að fallast á umbeðna kyrrsetningu og til forsendna dóms í máli nr. E-3425/2009. Í dóminum hafi verið fallist á að helmingur af eignastýringarsafni Einars Þórs yrði kyrrsettur, en af dóminum megi ráða að hann fallist á fullyrðingar bankans um að möguleikar hans á að fullnusta umræddri kröfu takmörkuðust verulega ef kyrrsetningarinnar nyti ekki við.

Stefndi kveðst byggja sýknukröfu sína í tíunda lagi á því að stefnandi hafi ekki gert neinar ráðstafanir til að takmarka tjón sitt, s.s. með því að fjármagna meint kaup á aflaheimildum með öðrum hætti eftir að starfsmenn stefnda hafi hafnað því að greiða henni fé af eignastýringarsafni Einars Þórs. Auk þessa virðist stefnandi engar ráðstafanir hafa gert til kaupa á aflaheimildum eftir að stefndi hafi greitt henni 49.179.500 krónur, ásamt dráttarvöxtum 2. september 2010 í samræmi við dóm í máli nr. E-12679/2009, en þá þegar hafi stefnandi getað hafist handa við fjárfestingar í aflaheimildum og þannig reynt að hagnast á slíkum viðskiptum eins og lýst sé í stefnu. Með því móti hafi stefnandi getað takmarkað tjón sitt af þeim viðskiptum sem stefnandi segist hafa getað tekið þátt í, en stefndi hafi meinað henni að gera. Þar sem stefnandi hafi ekki gripið til viðeigandi ráðstafana til að takmarka tjón sitt, telji stefndi að sýkna eigi hann af kröfum stefnanda.

Stefndi kveðst telja að framangreindar röksemdir, hver og ein og allar saman, eigi að leiða til þess að stefndi verði alfarið sýknaður af kröfum stefnanda. Fallist dómurinn ekki á ofangreind rök fyrir aðalkröfu stefnda um að sýkna stefnda alfarið af kröfum stefnanda, krefst stefndi þess til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að kröfu stefnanda um vexti verði alfarið hafnað.

Eins og fram hafi komið hafi stefndi þegar greitt stefnanda dráttarvexti að fjárhæð 9.075.313 krónur vegna dóms nr. E-12679/2009. Verði ekki fallist á að sýkna stefnda alfarið af kröfu stefnanda, krefjist stefndi þess í fyrsta lagi að sú fjárhæð, sem hann hafi þegar greitt stefnda, komi til frádráttar tildæmdum skaðabótum, enda byggi stefndi á því að stefnandi hafi ekki rökstutt kröfur sínar til skaðabóta í þessu máli með öðrum hætti en í hinu fyrra máli. Í öðru lagi kveðst stefndi byggja á því að þær röksemdir, sem lýst hafi verið eigi að leiða til þess að skaðabætur verði lækkaðar verulega. Varðandi sönnun tjóns, þá taki stefndi fram að hann mótmæli því að stefnandi hafi sannað eða gert á annan hátt líklegt að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirra atvika sem komi fram í stefnu. Því séu engin rök fyrir því að beita lokamálslið 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990 í þessu máli og dæma bætur að álitum. Stefndi byggi einnig á því að lækka eigi bótafjárhæðina eða fella hana alfarið niður á grundvelli 1. mgr. 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Verði fallist á kröfu stefnanda að einhverju eða öllu leyti kveðst stefndi krefjast þess að vaxtakröfum stefnanda, þ.e. kröfu stefnanda um vexti af skaðabóta

kröfum og dráttarvexti, verði alfarið hafnað. Í stefnu sé þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. ágúst 2009 til 14. júní 2010, en dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi fær ekki séð af málsatvikalýsingu í stefnu eða af þeim gögnum sem stefnandi hafi lagt fram hvers vegna krafist sé vaxta frá 18. ágúst 2009 eða hvers vegna 14. júní 2010 sé upphafsdagur dráttarvaxta. Stefndi telji þó að stefnandi geti ekki sótt dráttarvaxtakröfu sinni stoð í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, þar sem stefndi hafi fyrst verið krafinn um greiðslu skaðabótakröfunnar við höfðun málsins 12. október 2010. Vegna þessa telji stefndi að hafna eigi vaxtakröfum stefnanda, en a.m.k. eigi ekki að dæma stefnda til að greiða stefnanda dráttarvexti frá fyrra tímamarki en 12. nóvember 2010, þ.e. einum mánuði eftir að stefndi var sannanlega krafinn um greiðslu kröfunnar, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Hvað lagarök varðar vísar stefndi til almennra meginreglna skaðabóta réttarins meðal annars um sönnun tjóns og sakarregluna. Um skilyrði fyrir kyrrsetningunni vísar stefndi til laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Einnig er vísað til laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Um kröfu vegna vaxta og dráttarvaxta vísar stefndi til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum VI. kafla laganna. Um sönnun hins meinta tjóns stefnanda vísar stefndi einnig til 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Einnig er vísað til skaðabotalaga nr. 50/1993, einkum 1. mgr. 24. gr. laganna. Varðandi kröfu stefnda um málskostnað vísar stefndi m.a. til ákvæða einkamálalaganna, einkum og sér í lagi 129. gr. og 130. gr. þeirra. Um kröfu stefnda um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun vísast til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

IV

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur vitnin Einar Þór Einarsson og Kári Kort, svo og Einar S. Hálfánarson og Birkir Leósson löggiltir endurskoðendur og dómkvaddir matsmenn, sem staðfestu matsgerð sína fyrir dómi.

Ágreiningur málsaðila snýst um það hvort stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni við kyrrsetningu á eignastýringarsafni nr. B 470500 í vörslum stefnda (áður Nýja Kaupþing banka hf.), sem kyrrsett var 18. ágúst 2009 að kröfu stefnda til tryggingar fullnustu á kröfu stefnda á Einar Þór Einarsson samkvæmt skuldabréfi 327-35-7015. Telur stefnandi sig hafa orðið fyrir tjóni af aðgerðum stefnda með kyrrsetningu á eignarstýringarsafninu og krefst bóta fyrir miska og fjártjón samtals að fjárhæð 100.000.000 króna, auk vaxta. Kröfuna, sem reist er á 42., sbr. 40. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., sundurliðar stefnandi þannig: Bætur fyrir tjón vegna tapaðs ávinnings við leigu og sölu á aflaheimildum, 60.000.000 króna; bætur fyrir tjón í útgerð vegna tapaðra viðskiptahagsmuna og spjalla á lánstrausti, 30.000.000 króna og miskabætur, 10.000.000 króna.

Fyrir liggur að eignasafnið númer 470500 var í vörslum stefnda á nafni eiginmanns stefnanda, Einars Þórs Einarssonar. Var það á grundvelli sérstaks samnings milli Einars Þórs Einarssonar og KB banka hf. um eignastýringuna frá 4. júní 2004. Samkvæmt 10. gr. samningsins skal tilkynna bankanum þegar í stað ef annar aðili hefur öðlast rétt til eignasafnsins. Þá segir í 11. gr. samningsins að viðskiptavinur geti sagt samningnum upp hvenær sem honum henti. Uppsögn skuli gera skriflega, með símbrefti eða með öðrum sannanlegum hætti.

Með bréfi dagsettu 20. júlí 2009 óskuðu stefnandi og Einar Þór Einarsson eftir því að stefnandi yrði skráður eigandi að eignasafninu með Einari Þór, enda væri safnið hjúskapareign þeirra. Stefndi móttók beiðnina samdægurs en sinnti henni ekki. Með bréfi til stefnda, dagsettu 31. júlí 2009, sögðu stefnandi og Einar Þór Einarsson upp samningi við stefnda um eignastýringuna. Bréfið var mótttekið í bankanum 6. ágúst 2009.

Krafa stefnda um sýknu af kröfum stefnanda er meðal annars byggð á aðildarskortu. Vísar stefndi til þess að gögn málsins bendi ekki til að stefnandi geti krafist þeirra hagsmuna sem krafist sé í málinu. Því beri að sýkna stefnda samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fram er komið að krafa stefnanda er reist á ákvæðum 42. gr., sbr. 40. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. og á meginreglum skaðabótaréttarins. Af hálfu stefnanda er byggt á því að stefnandi hafi verið eigandi að hálfu eignasafni nr. B 470500 sem hafi verið kyrrsett með ólögætum hætti og valdið stefnanda bótaskyldu tjóni. Stefnda hafi verið kunnugt um það að stefnandi væri eigandi þeirra verðmæta sem kyrrsetningin hafi beinst að og þá hafi stefndi neitað að leysa fjármuni undan kyrrsetningu þrátt fyrir framboðin veð. Með vísan til þess að krafa stefnanda er öðrum þræði reist á 42. gr., sbr. 40. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. og því að stefnda var eða mátti vera kunnugt um það 18. ágúst 2009 að eignasafnið sem stefndi fékk kyrrsett til að tryggja fullnustu á kröfu stefnda á hendur Einari Þór Einarssyni, var að hluta til í eigu stefnanda og vörslur stefnda á safninu voru samkvæmt samningi sem hafði þá þegar verið sagt upp af stefnanda og Einari Þór Einarssyni, verður ekki fallist á sjónarmið stefnda og kröfu um sýknu á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skaðabótakrafa stefnanda á hendur stefnda er meðal annars byggð á því að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni að fjárhæð 60.000.000 króna vegna tapaðs ávinnings við leigu og sölu á aflaheimildum. Í bréfi lögmanns stefnanda til dómkvaddra matsmanna, dagsettu 24. maí 2011, segir að stefnandi og Einar Þór hafi um árabíl stundað útgerð og hafi reksturinn verið á hendi eiginmanns stefnanda. Þau hafi gert út bátinn Birtu ÍS 551 en selt bátinn 29. ágúst 2008. Sama dag hafi þau keypt Hólmanes SU 1 sem hafi verið selt í mars 2009. Í febrúar 2009 hafi þau keypt fiskiskipið Glað ÍS 221 sem þau hafi gert út sjálf. Í júlí 2009 hafi báturinn verið seldur til félagsins Hlið útgerð ehf. sem stefnandi og Einar Þór hafi stofnað til að stunda fiskveiðar frá og með fiskveiðiárinu 1. september 2009. Hafi stefnandi ætlað að nýta sér verðmæti úr eignasafninu til öflunar veiðiheimilda, þ.e. til að kaupa leigukvóta til nota fyrir eigin útgerð og til áframsölu. Þá vísar stefnandi til þess að boðist hafi aflaheimildir í ágúst 2009 fyrir fiskveiðiárið 2009-2010. Um hafi verið að ræða 300 tonn í þorski, 270 tonn í ýsu og 30 tonn í skötusel og hafi staðgreiðsluboð verið mjög hagfellt, 62.400.000 krónur. Á því er byggt að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að hinir kyrrsettu fjármunir hafi ekki verið stefnanda til reiðu frá 18. ágúst 2009 til 2. september 2010. Stefndi hafnar öllum sjónarmiðum stefnanda í þessa veru og fullyrðir að stefnandi hafi ekki sannað eða gert sennilegt að viðskipti með aflaheimildir hafi komist á eða að stefnandi hafi á annað borð ætlað að taka þátt í viðskiptum með aflaheimildir sem stefndi hafi á einhvern hátt komið í veg fyrir. Hafi stefndi ekki lagt fram nein gögn sem sanni að slík viðskipti hafi átt að eiga sér stað.

Í niðurstöðum dómkvaddra matsmanna kemur fram, hvað þennan hluta af ætluðu tjóni stefnanda varðar, að matsmenn byggja niðurstöðu sína á framlögðu tilboði, sem þeir meta „ákaflega hagstætt“ fyrir stefnanda. Bera matsmenn saman verð á leigukvóta per kíló samkvæmt skráðum og birtum verðtölum frá Fiskistofu samkvæmt meðalverði 16. september 2009, 16. febrúar og 16. júní 2010. Komast matsmenn að þeirri niðurstöðu með útreikningum sínum að hagnaður stefnanda af því að endurselja leigukvótann hefði, miðað við gefnar forsendur, numið 43.770.000 til 79.350.000 króna. Í niðurstöðukafla matsgerðarinnar segir orðrétt: „Samkvæmt framansögðu miða matsmenn tjón matsbeiðanda við mismun á kaupverði og endursöluverði leigukvóta. Matsmenn miða meðaltal hæsta og lægsta verðs á leigukvóta í niðurstöðum sínum, eða endursöluverðið kr. 123.960.000. Tjón matsbeiðanda telst þannig miðað við forsendur matsbeiðanda og að teknu tilliti til alls kostnaðar, bæði útlagðs kostnaðar og eigin kostnaðar bæði við kaup og sölu leigukvótans nema kr. 60.000.000. Hefði matsbeiðanda hins vegar ekki staðið til boða að kaupa leigukvóta á því mjög hagfellda verði sem tilgreint er í matsbeiðni heldur þurft að kaupa hann á almennu markaðsverði næmi tjón hans talsvert lægri fjárhæð.“

Meðal málsgagna er „söluþing“ fasteignasölnunar Neseignir, sem er prentað út og staðfest af Kára Kort sölustjóra 8. september 2009. Í yfirliti þessu kemur fram að um sé að ræða „leigu kvóta fyrir fiskveiðiárið 2009-2010 eftirfarandi tegundir og magn staðgreiðslu er krafist og miðað er við að neðangreint magn sé tekið í einu lagi. 300 tonn af þorski selst á 150 kr kg 270 tonn ýsa 50 kr. kg ásamt 30 tonn skötuselur á 130 kr kg kvóti fyrir samtals kr. 62.400.000 kr.“ Fram er tekið á yfirlitinu að söluumboð gildi til 14. ágúst 2009 og að „eign“ hafi verið skoðuð 3. ágúst 2009.

Vitnið Kári Kort, lögfræðingur og sölustjóri Neseigna, kom fyrir dóminn og staðfesti undirritun sína á framlagt yfirlit fasteignasölnunar um kvóta. Vitnið staðfesti að kvótinn hefði verið til sölu á því verði sem tilgreint væri á yfirlitinu. Vitnið greindi frá því að fasteignasalan Neseignir hefði gert talsvert að því að selja kvóta og hefði verið beðin um að selja greindan leigukvóta samkvæmt yfirlitinu á þessum tíma. Þetta atvikist þannig að fasteignasalan fengi yfirlit yfir kvóta og verð og fengi það hlutverk að finna kaupanda sem legði inn peninga á fjárvörslureikning fasteignasölnunar. Þá væru viðskiptin komin á. Um þann leigukvóta sem tilgreindur væri á yfirlitinu greindi vitnið svo frá að fasteignasalan hefði fengið mjög skamman tíma til að selja kvótann. Vitnið greindi einnig frá því að það hefði átt samskipti við Einar Þór Einarsson sem hefði haft samband við fasteignasölnuna og spurst fyrir um kvóta til sölu og viljað kaupa kvóta á bát sem hann væri með. Aðspurður um það til hvers skjalið væri svaraði vitnið því að skjalið væri útbúið til að sýna fram á að kvótinn væri til sölu. Nafn seljanda kæmi ekki fram og neitaði vitnið að upplýsa um það hver hefði verið að selja þennan kvóta. Það taldi vitnið vera trúnað milli þess sem hefði átt kvótann og vitnisins. Vitnið kvað ekki hafa orðið af sölnunni fyrir milligöngu fasteignasölnunar. Greindi vitnið frá því að kvótinn hefði verið boðinn 3. ágúst 2009 og hefði umboð til sölnunar fallið niður 14. ágúst sama ár. Þá kom fram hjá vitninu að kvótinn hafi verið til sölu á fleiri en einum stað á sama tíma. Vitnið kvaðst ekki hafa selt kvótann, en það hefði annar söluaðili gert. Ákvörðun um uppgefið verð kvótans væri seljandans. Vitnið sagði mikið framboð hafa verið á kvóta á þessum tíma sem skýrði væntanlega hið lága verð sem hefði verið boðið á þessum kvóta.

Samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er óheimilt að stunda veiðar í atvinnuskyni við Íslands nema að hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Samkvæmt 4. gr. laganna eru veiðileyfi tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaafلامarki. Getur skip aðeins haft eina gerð veiðileyfis á sama fiskveiðiári. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. er veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafla er takmarkaður af, úthlutað til einstakra skipa og skal hverju skipti úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar sem nefnist aflahlutdeild skips og helst óbreytt milli ára. Þá segir í 3. mgr. 8. gr. að aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð, ráðist af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla samkvæmt 2. mgr., að frádregnu hlutfalli af magni hvefrrar tegundar sem skal vera allt að 5,3% eins og rakið er nánar í 8. gr. laganna. Samkvæmt reglugerð nr. 676/2009 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2009/2010 var heimilt að flytja aflamark á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Eru reglur um slíkan flutning að finna í 9. og 10. gr. nefndrar reglugerðar nr. 676/2009.

Þrátt fyrir að stefnandi kunni að hafa haft fiskiskip til ráðstöfunar til að láta færa á leigukvóta til endursölu er það mat dómsins að stefnandi hafi ekki sýnt fram á það með haldbærum rökum að leigukvóti sá sem Neseignir hafði til sölu í ágúst 2009 hafi verið falur á þeim tíma sem leitað var eftir því. Fyrir liggur samkvæmt framburði Kára Kort að eiginmaður stefnanda, Einar Þór Einarsson, hafi leitað til fasteignasölunnar og spurst fyrir um kvóta til sölu. Þrátt fyrir það liggur ekkert óyggjandi fyrir um það hvaða dag það var nákvæmlega og hvort umræddur kvóti var þá enn til sölu og óseldur. Vitnið Kári Kort greindi eins og fram er komið frá því að fasteignasalan hefði fengið mjög skamman tíma til að selja umræddan kvóta. Þá liggur einnig fyrir að sami kvóti var til sölu á öðrum stöðum á sama tíma. Að mati dómsins hefur stefnandi ekki fært viðhlítandi sönnur á það að stefnandi hafi ætlað að kaupa leigukvótann eða haft möguleika á að fjármagna kaupin. Í öllu falli er ljóst að stefnandi gerði ekki formlegt tilboð í kvóta á þessum tíma, hvorki þann leigukvóta, sem getið er um á yfirliti fasteignasölunnar, eða annan framboðin. Þykir stefnandi þannig ekki hafa sýnt fram á það að hún hafi ætlað að kaupa umræddan kvóta fyrir milligöngu Neseigna sem einvörðungu var boðinn „í einu lagi“ eins og fram er tekið á yfirliti Neseigna. Þá verður að hafa í huga að verðmæti kvótans er sagt vera 62.400.000 krónur, en hlutur stefnanda í eignasafni nr. 470500 nam 49.179.500 krónum. Ekkert liggur óyggjandi fyrir um það að mati dómsins að stefnandi gæti fjármagnað þennan mismun. Þá liggur heldur ekkert fyrir um það að stefnandi hefði getað endurselt leigukvótann með þeim hagnaði sem frá er greint í matsgerð dómkvaddra matsmanna. Þykir matsgerðin ekki reist á réttum forsendum að þessu leyti og verður ekki lögð til grundvallar skaðabótum í málinu. Það verður því niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist sönnun um tjón vegna missi hagnaðar á tímabilinu frá 18. ágúst 2009 til 2. september 2010 vegna verðhækkunar á aflamarki, en matsniðurstaðan er alfarið á því byggð að umræddar aflaheimildir hefðu verið endurseldar.

Stefnandi krefst einnig skaðabóta vegna tapaðra viðskiptahagsmuna og spjalla á lánstrausti að fjárhæð 30.000.000 króna og miskabóta að fjárhæð 10.000.000 króna. Að mati dómsins eru þessir kröfuliðir stefnanda órökstuddir með öllu og teljast ósannaðir og er þeim hafnað.

Kemur þá til skoðunar hvort dæma eigi stefnanda bætur eftir álitum samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Fyrir liggur að stefnandi óskað eftir því bréflega við bankann að eignarhaldi á eignarstýringarsafni yrði breytt og stefnandi og Einar Þór Einarsson yrðu bæði skráð eigendur enda væri eignasafnið hjúskapareign þeirra. Þá liggur einnig fyrir að stefndi sinni hvorki þessari beiðni né uppsögn stefnanda og Einars Þórs á samningi frá 4. júní 2004 um eignastýringu án þess að hafa fyrir því haldbær rök. Var uppsögnin gerð bréflega 31. júlí 2009. Þess í stað fékk stefndi eignasafnið kyrrsett 18. ágúst 2009 á grundvelli beiðni þar um, dagsettri 12. ágúst 2009, í þeim tilgangi að tryggja fullnustu á fjárkröfu stefnda á hendur Einari Þór Einarssyni samkvæmt skuldabréfi nr. 327-35-7015. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 23. mars 2010, í málinu nr. 12679/2009, varð niðurstaðan sú að stefnandi ætti helming af eignastýringarsafninu og að stefnda hafi borið að verða við þeirri kröfu að greiða hennar hlut inn á sparisjóðsreikning stefnanda þegar þess var óskað í bréfi sem stefndi móttók 6. ágúst 2009. Var stefndi dæmdur til að greiða stefnanda andvirði helmings af eignasafninu, 49.179.500 krónur, auk dráttarvaxta. Dóminum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Samkvæmt þessu liggur fyrir að eignastýringarsafn það sem kyrrsett var 18. ágúst 2009 var eign stefnanda að hálfu án þess að vera handveðsett, eða að tilgangur kyrrsetningar hafi verið að fullnusta kröfu stefnda á hendur stefnanda. Stefnandi var ekki aðili að staðfestingarmáli vegna kyrrsetningar sýslumannsins í Hafnarfirði, máli nr. 3425/2009, en dómur í málinu var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness 14. júlí 2010. Var áðurnefnd kyrrsetningargerð sýslumanns staðfest, en einvörðungu í helmingi eignarstýringarsafnsins. Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að stefndi hafði í sinni vörslu án heimildar stefnanda fjármuni stefnanda og fékk kyrrsetta með ólögmetum hætti í stað þess að sinna beiðni stefnanda um breytingu á skráningu á eignarhaldi safnsins og síðar uppsögn hennar og eiginmanns hennar á samningi um eignastýringuna.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. getur þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað í sambandi við kyrrsetningargerð, haft uppi kröfur sínar í staðfestingarmáli, eða sótt þær í sérstöku máli, hvort sem er til niðurfellingar gerðar eða til skaðabóta vegna gerðarinnar. Þá er í 42. gr. laganna mælt fyrir um bótarétt gerðarþola eða annars eða annarra, sem kunna að hafa beðið tjón vegna gerðar eða framkvæmdar hennar og í 1. mgr. i.f. er berum orðum mælt fyrir um heimild til handa dómstólum til að ákvarða tjónþolum bætur eftir álitum ef sannast að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna ólögmetrar gerðar en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess. Er þetta rakið í athugasemdum með 42. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 31/1990.

Fyrir liggur að umtalsverðir fjármunir í vörslum stefnda, en eigu stefnanda voru kyrrsettir að kröfu stefnda 18. ágúst 2009, 49.179.500 krónur. Með þeirri gerð var stefnandi útilokaður frá nýtingu umræddra fjármuna á tímabilinu frá 18. ágúst 2009 til 2. september 2010, þegar stefndi greiddi kröfuna, eða alls í 380 daga. Að mati dómsins þykir ekki vafa bundið að hin ólögmeta háttsemi stefnda að bregðast ekki við uppsögn stefnanda og Einars Þórs Einarssonar á eignastýringarsafni þeirra hjá stefnda með greiðslu umræddra fjármuna til stefnanda, eins og mælt er fyrir um í 11. gr. sammings um eignastýringuna, hafi valdið stefnanda fjárhagslegu tjóni. Verður litið til þess að sönnun um raunverulegt fjártjón er erfitt í málinu eins og atvikum þess er háttað. Þykir það ekki útiloka að skaðabætur verði dæmdar að álitum, sbr. 1. mgr. 42. gr., sbr. 40. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann

o.fl. Að mati dómsins þykja skaðabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar 5.000.000 króna og verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð eins og greinir í dómsorði.

Stefnandi krefst vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. ágúst til 14. júní 2010, en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda og sérstaklega upphafstíma dráttarvaxta. Upphafstími dráttarvaxta er órökstuddur hjá stefnanda og er hafnað. Rétt þykir að skaðabótakrafa stefnanda beri vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. ágúst 2009 til 12. nóvember 2010 þegar mánuður var liðinn frá því að stefndi var sannanlega krafinn um greiðslu skaðabóta, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 en dráttarvaxta, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 2.000.000 króna og hefur þá verið tekið tilliti til útlagðs kostnaðar stefnanda við öflun matsgerðar og virðisaukaskatts af þóknun lögmanns stefnanda.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara og Guðmundi Óskarssyni löggiltum endurskoðanda. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Arion banki hf., greiði stefnanda, Steinunni Rósborgu Sigurðardóttur, 5.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. ágúst 2009 til 12. nóvember 2010, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 2.000.0000 króna í málskostnað.

Jón Höskuldsson

Ástríður Grímsdóttir

Guðmundur Óskarsson